

Reykjavík 3.3.2016

Hafnarfjarðarbær
Skipulags- og Byggingarráð

B.t. Þormóður Sveinsson
Norðuhella 2
221 Hafnarfjörður

Efni: Lögn ljósleiðara frá Álverinu í Straumsvík, ÍSAL, að tengivirki Landsnets í Hamranesi

Orkufjarskipti hf., Krókhálsi 5c, 110 Reykjavík, Kt. 561000-3520 áætla að leggja ljósleiðarastreng frá ÍSAL að Hamranesi.

Ástæða lagnarinnar er að tvítengja tengivirkið í Hamranesi og jafnframt ÍSAL með ljósleiðara, og tryggja þar með fjarskipti þessara staða til stýringa á raforkukerfi landsmanna.

20mm ljósleiðararör verður plægt/grafið beint í jörðu og ljósleiðaranum svo blásið í.


Gera má ráð fyrir 1 tengibrunni á leiðinni og verður gengið þannig frá honum að hann falli sem best inn í það umhverfi sem að fyrir er.

Búið er að grófhanna 2 lagnaleiðir og sjást þær á meðfylgjandi teikningu, auðkenndar með rauðri og appelsínugulri línu. Við leiðarvalið var tekið mið af landslagi og fyrirbyggjandi og tilvonandi mannvirkjum.

Öll ummerki framkvæmdarinnar á yfirborði verða lagfærð. Sáð verður í þau jarðvegssár sem verða í grónu landi og einnig verður lögð rík áhersla á vandaðan frágang. Ummerki munu hverfa að mestu á einu sumri í grónu landi, en á melum geta þau verið lengur að jafna sig.

Óskað er eftir álitum ykkar á ofangreindri framkvæmd, sjá meðfylgjandi loftmynd.

Með kveðju,



Bergur Þórðarson
Verkefnastjóri
Sími: 515 9700
GSM: 8646711
Netfang: bergurth@orkufjarskipti.is